



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa skólaárið 2023 - 2024

Guðný Björg Guðlaugsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Náms- og starfsráðgjöf.....	2
Verksvið	2
Ráðgjöf.....	3
Viðtöl	3
Fjöldi viðtala	4
Efni og ástæða viðtala	6
Tilvísanir og samstarf.....	7
Nemendaverndarráð	8
Fundir og nefndarstörf	9
Kynningar.....	10
Nemendapjónusta	11
Námskeið og önnur verkefni	12
Lokaorð	13

Í þessari skýrslu verður gert grein fyrir starfi náms- og starfsráðgjafa Verkmenntaskóla Austurlands skólaárið 2023 til 2024.

Við lok skólaárs voru nemendur alls 433, þar af 117 nemendur í dagskóla, 274 nemendur í fjarnámi, 20 nemendur í dreifnámi og 22 nemendur í helgarnámi, en náms- og starfsráðgjafi þjónustar alla nemendur skólans. Náms- og starfsráðgjafi var í 100% starfshlutfalli á haustönn en í 75% starfshlutfalli á vorönn.

Náms- og starfsráðgjöf

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð nemenda og vera málsvári þeirra innan skólans. Náms- og starfsráðgjafi er til staðar fyrir nemendur og er tilbúinn til að leiðbeina þeim í öllum þeim málum sem geta haft áhrif á námsframvindu þeirra.

Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafa er að sinna nemendum á faglegan hátt í námstengdum málum og einkamálum. Náms- og starfsráðgjöf er ætlað að vera fyrirbyggjandi þjónusta fyrir alla nemendur skólans og stuðla að því að nemendur geti skapað sér viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima við, og markað sér braut til framtíðar.

Verksvið

Verkefni náms- og starfsráðgjafa eru meðal annars að:

- Liðsinna nemendum sem eiga við náms- og eða persónuleg vandamál að stríða
- Veita aðstoð við námstækni, eins og skipulag, markmiðasetningu, lestrar- og glósutækni og tímastjórnun
- Skipuleggja ýmsar aðgerðir til að stuðla að betri líðan og námsárangri nemenda í skólanum
- Liðsinna kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda
- Skipuleggja sérúrræði fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum úrræðum að halda í prófum og aðstoða nemendur sem eru að glíma við prófkvíða

- Hafa umsjón með kynningarefni á heimasíðu og samfélagsmiðlum skólans sem tengist náms- og starfsráðgjöf
- Leiðbeina nemendum og öðrum sem þess óska um námsval í VA og aðstoða við gerð námsferla
- Aðstoða nemendur við að kortleggja áhuga sinn og átta sig á eigin styrkleikum
- Taka þátt í starfi forvarnateymis
- Leiða störf nemendaverndarráðs
- Starfa í þágu nemenda og vera trúnaðar- og talsmaður þeirra

Ráðgjöf


Meðal þeirra þátta sem náms- og starfsráðgjafi sinnir í starfi sínu er persónuleg ráðgjöf. Persónuleg ráðgjöf felur í sér ýmiskonar ráðgjöf vegna persónulegra, félagslegra eða námslegra vandamála.

Viðtöl


Viðtöl eru það form ráðgjafa sem mest er notast við. Nemendur, forsjáraðilar, kennarar, starfsfólk og aðrir utanaðkomandi aðilar geta pantað viðtalstíma hjá náms- og starfsráðgjafa.

Fjöldi viðtala skólaárið 2023 til 2024 var alls 714. Á haustönn voru viðtölin alls 401 en á vorönn 313, þann mun má skýra með minnkuðu starfshlutfalli náms- og starfsráðgjafa á vorönn og því minni viðveru. En til samanburðar voru viðtölin alls 659 skólaárið 2022 til 2023. Tekin voru viðtöl við 176 einstaklinga, en fjöldi viðtala á hvern einstakling var mismunandi. Upplýsingar um fjölda viðtala, skiptingu eftir kynjum og ástæður má sjá hér að neðan.

Fjöldi viðtala




Mynd 1. Fjöldi viðtala



Mynd 2. Hlutfall viðtala eftir kyni


Fjöldi skráðra viðtala á skólaárinu var alls 714. Eins og sjá má á myndum 1 og 2 virðist fjöldi viðtala skiptast nokkuð ójafnt eftir kyni. En viðtöl við einstaklinga sem skilgreina sig karlkyns voru alls 428 eða 60% allra viðtala. Viðtöl við kvenkyns einstaklinga voru alls 286 eða 40%.

Mynd 3 hér að neðan sýnir fjölda einstaklinga sem sóttu viðtöl.



Mynd 3. Fjöldi einstaklinga í viðtölum

Alls sóttu 176 einstaklingar viðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa. Þar af voru 116 karlkyns einstaklingar og 60 kvenkyns. Þá var misjafnt hvort einstaklingar sóttu þjónustu náms- og starfsráðgjafa einu sinni eða oft. Þær tölur má sjá hér að neðan á mynd 4.



Mynd 4. Viðtöl á einstaklinga


Eins og mynd 4 sýnir þá var 71 einstaklingur sem kom í eitt skipti í viðtal til náms- og starfsráðgjafa og 105 einstaklingar sem komu oft en einu sinni. Á meðal þeirra sem komu

einungis einu sinni voru 41 karlkyns og 30 kvenkyns. Af þeim sem komu oftast en einu sinni í viðtal voru 75 einstaklingar karlkyns og 30 kvenkyns.


Áhugavert er að sjá að 60% viðmælenda eru karlkyns, en það má þó skýra með því að meira en helmingur nemenda innan skólans er karlkyns. Karlkyns viðmælendur virðast þá leita í meira mæli oftast til náms- og starfsráðgjafa en einu sinni, en meira jafnvægi er á milli þess hjá kvenkyns einstaklingum, það er, hvort þær sækja einungis eitt viðtal eða fleiri.

Efni og ástæða viðtala

Þjónusta náms- og starfsráðgjafa er nýtt vegna ýmissa ástæðna, í lengri eða skemmri tíma. Ástæða og efni viðtala er flokkað niður, en oft á tíðum skarast flokkarnir og efni viðtala. Helstu flokka má sjá á mynd 5 og fjöldi viðtala í hverjum flokki.



Mynd 5. Ástæður viðtala



Mynd 6. Hlutfall viðtala

Af þeim 714 viðtölum sem náms- og starfsráðgjafi veitti skólaárið 2023 til 2024 voru flest viðtöl vegna námsvals eða námsskipulags, alls 264 eða 37% allra viðtala. Viðtöl vegna stuðnings eða ráðgjafar voru alls 234 eða 33%. Undir þeim flokki eru viðtöl sem ekki eiga sérstakan stað í hinum fjórum flokkunum en getur þó verið blanda af þeim, einhverskonar eftirfylgni eða fyrirspurnir um önnur málefni. Viðtöl vegna kvíða eða annarra andlegra mála voru alls 99 eða 14%. Þar á eftir voru viðtöl vegna námstækni en þau voru alls 91 eða 13% allra viðtala. Fæst voru viðtöl vegna áhugasviðs en þau voru alls 26 eða 4%. Eins og áður segir þá skarast flokkarnir gjarnan og oftar en ekki rætt um fleiri en eitt efni í hverju viðtali.

Tilvísanir og samstarf

Samstarf er á milli náms- og starfsráðgjafa og ýmissa aðila og stofnana. Þar má til dæmis nefna geðheilsuteymi Heilbrigðisstofnunar Austurlands, sjálfstætt starfandi sálfræðinga, félagsþjónustur, heilsugæslu, náms- og starfsráðgjafa í öðrum stofnunum og geðlækna. Samstarfið á nýliðnu skólaári var þó nokkuð.

Samstarf við Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur meðal annars falið í sér beiðni um ráðleggingar og tilvísanir nemenda til geðheilsuteymisins. Tvær tilvísanir voru sendar þetta skólaárið. Þá hefur einnig verið gott samstarf við sálfræðinga og lækna utan HSA.

Auk sálfræðinga hefur náms- og starfsráðgjafi átt í samstarfi við félagsþjónustur ýmissa sveitafélaga, þar á meðal félagsþjónustur Fjarðabyggðar, Múlaþings og Hornafjarðar. Tilvísanir til félagsþjónustu og/eða barnavernda á skólaárinu voru alls sjö. Fundir voru haldnir með félagsþjónustu Fjarðabyggðar og Múlaþings á vorönn vegna umsókna nemenda í skólann, sem sækja um á starfsbraut og á heimavist, til þess að koma á samstarfi varðandi utanumhald þeirra nemenda á komandi skólaári. Ráðgjöf og samvinna var einnig fengin hjá Barna- og fjölskyldustofu á liðnu skólaárinu, ásamt Landsteymi.

Þá aðstoðar náms- og starfsráðgjafi einnig einstaka nemendur við að sækja um aðgang að hljóðbókasafni og bárust tvær slíkar beiðnir þetta skólaárið.

Samstarf við annað starfsfólk og kennara innan VA er einnig þó nokkuð. Þar sem samvinna er mikil með umsjónarkennara framhaldsskólabrautar og starfsbrautar, vegna nemenda á þeim brautum, er varðar utanumhald, þjónustu, aðstoð eða það sem vantar hverjur sinni. Þá var samvinna og samráð við skólahjúkrunarfræðing einnig talsvert.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er unnið undir stjórn náms- og starfsráðgjafa. Markmið nemendaverndarráðs er að samræma stoðþjónustu skólans og aðra þjónustu sem nemendur hljóta, þar á meðal þjónustu félagsþjónustunnar í viðkomandi sveitafélagi. Náms- og starfsráðgjafi ásamt tveimur kennurum skólans voru í ráðinu þetta skólaárið.

Fundir nemendaverndarráðs voru haldnir vikulega allt skólaárið, en fundir þar sem fulltrúar félagsþjónustu Fjarðabyggðar mættu voru alls átta, fjórir að hausti og fjórir að vori. Utan funda var samstarf einnig reglulegt, í tölvupóstsamskiptum eða í símtölum vegna upplýsinga og ráðgjafar.

Nemendaverndarráð átti þá einnig í samstarfi við félagsþjónustu Múlaþings og Hornafjarðar, en reglulegir fundir þar á milli voru þó ekki til staðar. En ráðgjöf, miðlun upplýsinga og fundir voru þó reglulega.

Fundir og nefndarstörf

Náms- og starfsráðgjafi situr í tveimur ráðum/nefndum innan skólans, nemendaverndarráði eins og greint var frá hér á undan og forvarnateymi. Í forvarnateymi er unnið undir stjórn forvarnafulltrúa að ýmsum verkefnum tengt forvörnum ásamt því að skipuleggja forvarnamálþing sem reynt er að halda árlega. Þetta skólaárið var haldið málþing tengt ofbeldi þar sem yfirskriftin var: „Líður fólki vel í kringum mig?“. Fundir í forvarnateymi sem náms- og starfsráðgjafi sóttu voru alls 6 þetta skólaárið.

Meðal reglulega funda sem náms- og starfsráðgjafi sat voru vörðufundir, sem haldnir eru eftir hverja vörðu, með hverjum umsjónarkennara fyrir sig. Þar hittast áfangastjóri, náms- og starfsráðgjafi og umsjónarkennari og fara yfir ástundun og líðan nemenda með það að markmiði að grípa inni áður en nemandi missir tökin á náminu. Vörðufundir voru haldnir þrisvar á hvorri önn, en í hvert skiptir voru samtals fjórir fundir. Þrír með umsjónarkennurum og einn að auki þar sem náms- og starfsráðgjafi og áfangastjóri ræddu stöðu nemenda sem eru 18 ára og eldri og því ekki með umsjónarkennara. Í framhaldi af þessum fundum eru svo gjarnan mörg viðtöl við nemendur, með eða án umsjónarkennara, og með eða án forsjáraðila, sem náms- og starfsráðgjafi tekur.

Á vorönn hélt náms- og starfsráðgjafi utan um og boðaði til skilafunda í grunnskólum þeirra nemenda sem stefna á nám við VA næstkomandi skólaár. Vegna fjölda umsókna á starfsbraut voru haldnir skilafundir vegna þeirra nemenda fyrr en venjan er, til þess að undirbúa bæði nemendur, forsjáraðila og skólann fyrir komu þeirra. Að auki var eins og áður segir fundað með félagsþjónustum Fjarðabyggðar og Múlaþings vegna nokkurra þessara nemenda. En skilafundirnir voru alls sex talsins. Fjórir fundir voru haldnir í Teams en tveir í viðkomandi grunnskóla. Þessir fundir eru afar mikilvægir varðandi móttöku nýnema og til að geta boðið nemendum skólans viðeigandi stuðning og þjónustu. Vert er að taka fram að þegar skilafundir eru haldnir, skrifa nemendur og forsjáraðilar undir samþykki vegna þeirra. Auk þessara hefðbundnu skilafunda, var þó nokkuð samstarf og fundir með forsjáraðilum og grunnskólum vegna umsókna í skólann.

Aðrir fundir sem náms- og starfsráðgjafi sótti voru til dæmis fundir með starfsfólki skrifstofu skólans á haustönn. Fundir vegna kynningamála skólans, fundur vegna verkefnisins

Öruggara Austurland, ásamt fundum vegna vinnu við Starfameessu sem áætluð er að hausti 2019. En nánar verður fjallað um hana hér á eftir.

Kynningar

Náms- og starfsráðgjafi tók í upphafi haustannar þátt í nýnemadegi skólans, þar sem tekið er á móti nýnemum og fá þau kynningu á skólanum. Einnig var haldið kynningarkvöld fyrir forsjáraðila nýnema þar sem farið var yfir ýmis atriði og starf skólans kynnt. Náms- og starfsráðgjafi kynnti sig, sitt starf og hlutverk. Að auki kynnti náms- og starfsráðgjafi starf sitt á sérstakri kynningu fyrir nemendur í dreifnámi.

Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í undirbúningsvinnu fyrir grunnskólakynningar auk gæðastjóra. Fyrirkomulag grunnskólakynninga er í stöðugri þróun til að finna hvaða leiðir henta best. Á haustönn voru 10. bekkjum í Grunnskóla Djúpavogs boðið í heimsókn, þar sem þau fengu almenna kynningu á skólanum, starfinu og námsframboðinu. Að auki fengu þau að velja sér verklegar greinar til að kynna sér betur.

Á vorönn voru grunnskólar í Fjarðabyggð heimsóttir, þar sem starf VA var kynnt og starfsmaður og nemendur VA spjölluðu við nemendur 10. bekkja. Náms- og starfsráðgjafi fór í tvær slíkar heimsóknir, en alls voru þær fimm. Nemendum 10. bekkja í Múlaþingi var svo boðið í heimsókn í skólann á vorönn líkt og skólaárið á undan, en að þessu sinni kom Grunnskólinn á Djúpavogi á haustönn. Nemendur í Múlaþingi fengu samskonar kynningu, þar sem starf og námsframboð skólans er kynnt ásamt því að nemendur fá að spreyta sig á verklegum greinum sem tengjast þeirra áhuga.

Í aprílmánuði var haldið opið hús fyrir 10. bekkjunga og forsjáraðila. Opna húsið var vel sótt, en nemendur og forsjáraðilar gátu þar skoðað allt húsnæði skólans, spjallað við starfsfólk, kennara og nemendur skólans, fengið upplýsingar um námsfraboð, inntökuskilyrði og allt það sem VA hefur uppá að bjóða.

Náms- og starfsráðgjafi auglýsti einnig Háskóladaginn sem haldinn var á Egilsstöðum þann 7. mars, hvatti nemendur til að mæta og tók við skráningum. Náms- og starfsráðgjafi hafði þó ekki tök á að sækja viðburðinn en um 20 nemendur fóru á vegum skólans.

Nemendabjónusta

Nemendabjónusta VA hefur verið notað sem yfirheiti yfir þá stoðbjónustu sem áfangastjóri og náms- og starfsráðgjafi bjóða uppá. Nemendabjónustan heldur utanum vörðufundi og fylgir nemendum eftir í kjölfar þeirra, ásamt því að halda úti síðu á Facebook og aðgangi á Instagram. Þangað inn fara ýmsar upplýsingar, góð ráð og fleira til nemenda. Þó var lítið um það þessa önnina vegna hugmynda um að fella niður samfélagsmiðla nemendabjónustunnar og sameina þá við samfélagsmiðla skólans.

Í kjölfar vörðufunda er verk nemendabjónustu til dæmis að senda bréf í tölvupósti til nemenda. Áhersla er lögð á að bréfin séu uppbyggileg þar sem nemendur með góða ástundun fá hrósa og nemendur sem þurfa að bæta sig á einhvern hátt, fá uppbyggileg hvatningarbréf. En nemendabjónustan heldur utan um og hefur umsjón með þeim hóp nemenda sem hefur náð 18 ára aldri og er það utanumhald talsvert mikið.

Starf nemendabjónustu er einnig að aðstoða nemendur við námsval og töflubreytingar. Nemendabjónustan auglýsir valdaga að hausti og vori og býður fram aðstoð við nemendur til að velja áfanga fyrir næstu önn. Nemendur nýta aðstoð við námsval talsvert, hvort sem það eru dagskólanemendur, nemendur í dreif- fjar- eða helgarnámi, eða utanaðkomandi aðilar.

Það kemur í hlut náms- og starfsráðgjafa að halda utan um greiningargögn nemenda og auglýsir nemendabjónustan og heldur utan um þau sérúrræði sem standa nemendum til boða í hlutaprófum og lokaprófum. Talsvert var um sérúrræði í hlutaprófum, en þar sem að lokaprófum hefur fækkað voru einungis óskir frá 14 nemendum um sérúrræði í lokaprófum á skólaárinu. Óskir um sérúrræði fóru fram í gegnum viðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa.

Á samfélagsmiðslum nemendabjónustunnar eru settar inn allskonar auglýsingar, góð ráð og fleira. Meðal þess sem auglýst var á samfélagsmiðlum þetta skólaárið voru valdagar, vinnustofutímar, háskólakynningar og fleira.

Námskeið og önnur verkefni

Hér verða talin upp námskeið sem náms- og starfsráðgjafi sótti á skólaárinu ásamt öðrum verkefnum sem sinnt var.

Náms- og starfsráðgjafi sótti alls tvö námskeið á skólaárinu. Námskeið fyrir tengiliða farsældar barna ásamt námskeiði um streitu og vellíðan. Þá sótti náms- og starfsráðgjafi ýmsa opna fyrirlestra, fræðsluerindi, ráðstefnur og málþing, bæði í gegnum streymi eða á viðkomandi stað. Meðal fyrirlestra og fræðsluerinda voru: Hingsegin og íþróttir, fræðsla um raunfærnimat og tengsl við nám og störf, fræðsla um streitu og seiglu ásamt fræðslu um styrkleika og styrkleikabjálfun. Að auki var náms- og starfsráðgjafi í háskólanámi og lauk námskeiðunum: „Kynjajafnrétti skólastarfi“, „Lífsleikni – sjálfið“ og „Áhættuhegðun og seigla ungmenna“. Þá tók náms- og starfsráðgjafi þátt í ERASMUS verkefni sem VA heldur utan um og snýr að nemendahópum á jaðrinum. Meðal verkefna í því, var heimsókn og fræðsla hjá Fjölsmiðjunni, Samtökunum '78, Klettaskóla og Barna- og fjölskyldustofu.

Meðal annarra verkefna sem náms- og starfsráðgjafi sinnti var umsjón með tveimur kennslustundum í Lífsstíl hjá fyrsta árs nemendum. Kennslustundirnar fóru fram á haustönn, í þeirri fyrri var farið yfir námstækni og skipulag, í seinni var fyrirlestur um próftöku, undirbúning fyrir próf og kynning á sérúrræðum. Þá sá náms- og starfsráðgjafi um svokallaðar POP up vinnustofur á haustönn, þar sem fræðsla var miðlað til áhugasamra nemenda um ákveðin efni. Efnin sem tekin voru fyrir voru Skipulag og tímastjórnun, ADHD í námi og Próftaka.

Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í að endurskoða stúdentsbrautir skólans og vinna að gerð nýrra stúdentsbrauta, sem tilbúnað voru á vorönn og stefnt er að kenna á komandi skólaári.

Alls voru þrír skiptinemar við skólann þetta skólaárið, en náms- og starfsráðgjafi sér um samskipti við AFS skiptinemasamtökin vegna komu skiptinema. Náms- og starfsráðgjafi sér þá um móttöku skiptinema, skráningu í skólann og áfanga, ásamt því að fylgjast með gengi þeirra reglulega yfir skólaárið.

Náms- og starfsráðgjafi hóf þátttöku í samstarfsverkefni skóla- og sveitafélaga á Austurlandi vegna Starfameessu sem halda á í fjórðungnum í september 2024. Starfameessunni

er ætlað að kynna störf og starfsgreinar fyrir ungu fólki í landshlutanum, ásamt því að vekja athygli á fjölbreyttum tækifærum á Austurlandi. Gestir starfameissunnar verða nemendur í 9. og 10. bekkjum grunnskóla ásamt nemendum á fyrsta ári í framhaldsskóla.

Náms- og starfsráðgjafi tekur þá að lokum þátt í innritun nýnema að vori. En listi yfir störf er ekki tæmandi enda störf og verkefni náms- og starfsráðgjafa fjölmörg og fjölbreytt.

Lokaorð

Hér hefur verið fjallað um störf náms- og starfsráðgjafa Verkmenntaskóla Austurlands skólaárið 2023 til 2024. Eins og fram hefur komið var starfið og verkefnin fjölbreytt. Samantekint er þó ekki tæmandi.

Fjöldi viðtala á skólaárinu voru alls 714, miðað við 659 skólaárið áður. Fjölgun viðtala kom þó nokkuð á óvart þar sem að starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa var 100% á haustönn en einungis 75% á vorönn en var 100% allt skólaárið þar á undan. Áætla má þó að með fjölgun viðtala þrátt fyrir lægra starfshlutfall, sé þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf og stuðning að aukast, hvort sem erindin eru smá eða stór. En með því að halda hlutfalli náms- og starfsráðgjafa í 100% má ætla að hægt verði að veita nemendum betri þjónustu, með fræðslu, viðtölum, ráðgjöf eða því sem þörf er á hverju sinni.


Fyrirkomulag skólakynninga eru í stöðugri endurskoðun og ánægja með fyrirkomulagið nú á liðnu skólaári. Hugmyndir hafa þó komið um að bjóða öllum nemendum 10. bekkja í Múlaþingi í heimsókn að hausti, og heimsækja þau að vori. Grunnskólar Fjarðabyggðar fá þá kynningu í gegnum verkvit skólanna á haustönn og eru heimsóttir á vorönn. Enn eru til staðar hugmyndir náms- og starfsráðgjafa um að koma enn meira að verkviti grunnskólanna með fræðslu og samstarfi við náms- og starfsráðgjafa grunnskólanna, en ekki hefur myndast tími til þess að þróa þær hugmyndir áfram.

Það er margt sem náms- og starfsráðgjafi vill stefna á að breyta fyrir næsta skólaár, þar sem að sjaldan gefst tími í að þróa og vinna með þær hugmyndir sem upp koma. Eftir ráðgjöf í handleiðslu á liðnu skólaári, er nauðsynlegt að náms- og starfsráðgjafi gefi sér tíma vikulega til að huga og vinna að breytingum og þróa starfið þannig áfram. Ef líta má á ársskýrslur síðustu

ára eru gjarnan sömu hugmyndir sem náms- og starfsráðgjafi vill þróa eða koma á fót, en lítið rými hefur myndast til þess að vinna að þeim.

Bókunarkerfi fyrir viðtöl náms- og starfsráðgjafa hafa verið í endurskoðun. Notast hefur bæði verið við Innu og Booking í Outlook. Meta þarf hvaða kostur er vænlegastur í þessum málum þar sem vankantar eru á þeim báðum.

Eftir skólaárið er það mat náms- og starfsráðgjafa að 100% starf sé nauðsynlegt til þess að geta þjónustað nemendur á sem bestan hátt, ásamt því að geta sinnt fjölbreyttari verkefnum. Að vera ekki í kappi við tímann, hafa tækifæri til að þróa starfið áfram hefur þá einnig jákvæð áhrif á upplifun náms- og starfsráðgjafa af starfinu. Mikilvægt er að halda starfi náms- og starfsráðgjafa áfram sýnilegu og fjölbreyttu til að geta veitt nemendum, kennurum og öðrum utanaðkomandi sem besta þjónustu.



Guðný Björg Guðlaugsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi